# Eyþór

**Til elsku litla Eyþórs frá ömmu**

Lag og texti:
Margrét Ólafsdóttir




Ást úr þínum augum skín
er þú til mín gengur.
Bið ég Guð að gæta þín,
góði ömmudrengur.

Sofðu blessað barnið mitt.
Birtan dofnað hefur,
en hún mamma yndið sitt
örmum hlýjum vefur.

